

REGLUGERÐ

um Menntamálastofnun

1. gr.

Markmið og gildissvið

Markmið þessarar reglugerðar er að kveða á um skipulag og starfsemi Menntamálastofnunar.

2. gr.

Starfssvið

Menntamálastofnun er stjórnáslustofnun á sviði menntamála. Stofnunin skal upplýsa ráðuneytið um verkefni sem hún tekur að sér á grundvelli samninga við aðra aðila.

Ráðherra getur falið Menntamálastofnun tiltekin verkefni á sviði menntamála til skemmri eða lengri tíma og skal það gert með formlegum hætti og að undangengnu mati á fjármögnun og lagastoð. Ráðuneytið fylgist með framvindu slíkra verkefna.

Forstjóri ber ábyrgð á að gerð sé grein fyrir verka- og ábyrgðarskiptingu verkefna í skipuriti stofnunarinnar.

Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila, fagráð, ungmennaráð og sérfræðingahópur um framkvæmd og þróun könnunarprófa í grunnskólum eru stofnuninni til ráðgjafar og aðstoðar.

Menntamálastofnun gefur út og kynnir ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir helstu verkefnum hvers árs.

3. gr.

Starfsemi ráðgjafarnefndar

Forstjóri hefur sér til ráðuneytis sjö manna ráðgjafarnefnd

Verkefni nefndarinnar er að vera forstjóra til ráðgjafar um langtímastefnumótun um starfsemi stofnunarinnar.

Formaður nefndarinnar kveður hana saman til fundar og ber ábyrgð á fundarstjórn og að fundir séu færðir til bókar. Til funda nefndarinnar skal boðað með dagskrá sem formaður ákveður í samráði við forstjóra. Gefa skal nefndarmönnum kost á að setja fram óskir um dagskrárefni. Boða skal til fundar ef tveir þriðju nefndarmanna óska þess.

4. gr.

Samningar um afmörkuð verkefni

Þegar Menntamálastofnun felur öðrum aðilum að annast afmörkuð verkefni með samningi fer um val á samningsaðila eftir lögum og reglum um opinber innkaup eða stjórnáslulög eigi lög um opinber innkaup ekki við.

Lög um opinber fjármál gilda almennt um samninga um framkvæmdir, rekstur eða önnur afmörkuð verkefni til lengri tíma en eins árs en þó eigi lengur en til fimm ára.

5. gr.

Gerð og miðlun námsgagna

Menntamálastofnun skal sjá grunnskólanemum fyrir vönduðum námsgögnum sem uppfylla kröfur aðalnámskrár grunnskóla og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Stofnuninni er heimilt að sjá öðrum skólastigum fyrir námsgögnum eftir því sem ráðherra ákveður og fé er veitt til. Námsgögnin skulu taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða og aðalnámskrá. Þá skulu þau endurspeгла eins og kostur er íslenskan veruleika, íslenska tungu og menningararfleifð.

Áhersla skal lögð á að auðvelda kennurum nýtingu námsefnis með ráðgjöf, kynningum og leiðbeiningum. Einnig skal leitast við að skapa fjölbreytni í miðlun efnis til nemenda með nýtingu stafrænnar tækni og samstarfi við opinbera aðila og einkaaðila þar um.

Stofnuninni er heimilt að hafa námsgögn sem stofnunin framleiðir og dreifir til skóla einnig til sölu á almennum markaði. Við verðlagningu á námsgögnum, sem seld eru á almennum markaði, ber að taka tillit til heildarkostnaðar við gerð efnisins. Þá skal stofnunin gæta að ákvæðum samkeppnislaga um fjárhagslegan aðskilnað vegna sölu á námsgögnum á markaðslegum forsendum og lögbundnu verkefni um að leggja skólum til námsgögn.

Menntamálastofnun setur og birtir opinberlega reglur um afhendingu námsgagna. Reglurnar fjalla um pantanir skóla, afgreiðslu og dreifingu á námsgögnum, skilyrði fyrir afhendingu, aðgengi að stafrænu efni og er heimilt að taka tillit til nemendafjölda í skólum.

6. gr.

Náms- og gæðamat

Menntamálastofnun hefur eftirlit með og metur árangur af skólstarfi. Í því skyni sér stofnunin m.a. um framkvæmd samræmdra könnunarprófa, framkvæmd annarra prófa og mælinga, ytra mat, framkvæmd alþjóðlegra rannsókna og kannana sem og annað tilfallandi náms- og gæðamat sem henni eru falin.

Við framkvæmd 1. mgr. skal byggja á stefnu stjórnvalda og aðalnámskrám og taka mið af alþjóðlegum viðmiðum, rannsóknum, áreiðanleika og réttmæti.

Menntamálastofnun miðlar niðurstöðum náms- og gæðamats og veitir kynningu, ráðgjöf og stuðning um nýtingu þeirra.

7. gr.

Greining og upplýsingagjöf

Menntamálastofnun skal safna gögnum um menntakerfið, greina og vinna upplýsingar úr þeim og setja í samhengi við menntastefnu og áskoranir á hverjum tíma.

Stofnunin tekur þátt í alþjóðlegum rannsóknum og miðlar upplýsingum um stöðu menntakerfisins með það að markmiði að styðja við stefnumótun í menntamálum. Áhersla skal lögð á samstarf um gagnaöflun og greiningar og stuðla að rannsóknum á sviði menntamála.

Gögn, greiningar og upplýsingar skulu birtar og gerðar aðgengilegar almenningi, fagaðilum og stjórnvöldum og kynntar með viðeigandi hætti ásamt ráðgjöf og stuðningi.

Afmá skal persónuauðkenni og gera gögn ópersónugreinanleg áður en niðurstöður eru birtar.

8. gr.

Samstarf við stofnanir og aðila á sviði menntamála

Menntamálastofnun skal hafa samráð og samstarf við sveitarfélög, stofnanir, samtök og aðila sem vinna að málefnum á sviði menntamála svo og fulltrúa barna og ungmenna, sérstaklega þegar um er að ræða breytingar eða þróun á tilteknum málsefnasviðum stofnunarinnar.

9. gr.

Tekjur fyrir sérþjónustu

Við ákvörðun gjalds fyrir sérþjónustu samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 91/2015 skal þess gætt að gjaldtaka nemi ekki meiru en kostnaði við að veita hana.

Menntamálastofnun skal birta gjaldskrá á vefsíðu sinni.

10. gr.

Málskot

Ákvarðanir Menntamálastofnunar um réttindi og skyldur aðila eru kærnanlegar til ráðherra nema lög mæli fyrir um annað. Um meðferð kærumála fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

Stofnunin skal leiðbeina málsaðilum um kæruehimild og kærufrest þegar teknar eru ákvarðanir sem eru kærnanlegar til æðra stjórnvalds.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga um Menntamálastofnun, nr. 91/2015, og öðlast þegar gildi.